

Undirritaðir, Dvalar- og hjúkrunarheimilið Silfurtún kt. 580483-0899 (hér eftir Silfurtún) og Dalakot ehf. kt. 620413-2240 (hér eftir Dalakot) gera með sér eftirfarandi samning um eldhúsrekstur:

1.

Dalakot sér um framleiðslu á morgunverði, hádegismat, síðdegiskaffi, kvöldverði og starfsmannamáltíðum fyrir Silfurtún.

2.

Dalakot sér alfarið um rekstur eldhússins og hefur umsjón með því. Í þessu felast innkaup á mat- og ræstivörum, launagreiðslur, þrif og allt uppvask á starfstíma. Dalakoti lýkur störfum í eldhúsi að jafnaði kl. 15:00 en er þá tilbúið með síðdegiskaffi, kvöldverð og kvöldhressingu sem starfsfólk Silfurtúns ber fram og gengur frá.

3.

Silfurtún sér um rafmagns- og hitunarkostnað, allt meiriháttar viðhald húsnæðis og búnaðar (t.d. eldavél, ofn, kæli, frystir) og, sbr. grein 2, að bera fram síðdegiskaffi, kvöldverð og kvöldhressingu og ganga frá á eftir.

4.

Dalakot hefur afnot af ísskápum, frystikistum og þeim áhöldum og tækjum sem fyrir eru í eldhúsi Silfurtúns og sér um smærra viðhald. Dalakot leggur til annan búnað eftir þörfum.

5.

Dalakoti er heimilt að elda mat fyrir aðra í eldhúsinu. Gæta skal þess að sú starfsemi og umgengni um eldhúsið því tengd valdi ekki truflunum fyrir Silfurtún. Dalakoti er heimilt að elda mat fyrir Silfurtún í eigin eldhúsi ef aðstæður kalla á slíkt.

6.

Á Silfurtúni eru að jafnaði 13 heimilismenn. Starfsmenn eru að jafnaði þrír fyrir kl. 16, tveir eftir 16 og einn á næturvakt. Að auki geta eldri borgarar búsettir í Dalabyggð utan heimilis komið í hádegismat eða fengið sendan heim (innan Búðardals). Silfurtún greiðir Dalakoti skv. reikningi:

- a. Reikningstímabil er frá 15. degi fyrri mánaðar til 14. dags síðari mánaðar. Reikningur skal greiddur eigi síðar en 25. hvers mánaðar.
- b. Verð fyrir fullt fæði fyrir heimilisfólk er kr. 4.100. Sama gjald er fyrir alla daga og sérfæði.
- c. Verð fyrir fullt fæði fyrir starfsfólk er kr. 3.511. Sama gjald er fyrir alla daga.
- d. Verð fyrir hádegismat er kr. 2.050.
- e. Í hverjum mánuði eru greidd 13 gjöld vegna heilsdagsfæðis heimilisfólks og þrjú gjöld vegna starfsfólks alla daga mánaðarins. Verði breyting á föstum fjölda heimilisfólks að jafnaði, til fækkunar eða fjölgunar, breytist fjöldi heilsdagsfæðis heimilisfólks í samræmi við það. Silfurtún skal tilkynna Dalakoti breytingu vegna fækkunar með þriggja mánaða fyrirvara.



PJ

- f. Dalakot heldur skrá um máltíðir skv. staflið d (umfram fasta greiðslu) og afhendir með með mánaðarlegum reikningi.
- g. Ef um óvænta viðburði er að ræða skal semja um þá sérstaklega.

7.

Dalakot skal leggja áherslu á lýðheilsuþróun. Leggja skal fram matseðil fyrir a.m.k. einn mánuð í senn. Matseðill skal gerður í samstarfi við Silfurtún.

8.

Upphæðir samningsins taka breytingum skv. vísitölu neysluverðs til verðtryggingar 1. janúar og 1. júní, fyrst 1. júní 2021. Grunnvísitala samnings er 489,1 fyrir október 2020.

9.

Samningurinn gildir frá 26. október 2020 til 31. desember 2022. Silfurtún getur framlengt samninginn í eitt ár þ.e. til ársloka 2023. Silfurtún skal tilkynna Dalakoti um slíkt eigi síðar en 31. ágúst 2022. Hvor aðili um sig getur sagt samningnum upp með sex mánaða fyrirvara miðað við mánaðarmót, þó ekki fyrr en í júlí 2021.

10.

Komi til ágreinings um samninginn skal hann leystur hjá Héraðsdómi Vesturlands. Samningurinn er gerður í tvíriti og heldur hvor aðili sínu eintaki.

Dalabyggð 26. nóvember 2020

F.h. Dalabyggðar vegna Silfurtúns

F.h. Dalakosts ehf.



Vottar að rétttri undirskrift og dagsetningu (nafn og kennitala).

Sigfríður Andradóttir 130661-4679

Jóhanna M Sigm. 280691-2329